

# GJALDSKRÁ

## vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samkvæmt gjaldskrá þessari innheimtir Tálknafjarðarhreppur gjöld til að standa undir kostnaði við förgun úrgangs, þ.m.t. sorphirðu, endurvinnslu, sorpeyðingu sem og uppsetningu og rekstur viðkomandi söfnunarstöðva.

### 2. gr.

Sorphirðugjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu og skal það innheimt í samkvæmt tunnufjölda í samræmi við neðangreint:

- Á hverja 240 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang sem losuð er á 28 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli kr. 23.190.
- Á hverja 240 lítra tunnu fyrir endurvinnsluefni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli kr. 11.595,-.
- Fyrir hverja 120 lítra tunnu fyrir lífrænt efni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli kr. 11.595. Þeir aðilar í dreifbýli sem greiða sorphirðugjald geta fengið flát til moltugerðar.
- Í samræmi við 8. grein Samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi er heimilt að fækka smærri flátum við fjöleignahús og fá stærra flát fyrir heimilisúrgang og þá greiðast kr. 63.787 fyrir 660 lítra tunnu.

Innifalið í gjaldinu eru tunnur og losanir í samræmi við 12. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

### 3. gr.

Sorpeyðingagjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er 45.055 kr. fyrir íbúðarhúsnæði og 32.743 kr. fyrir sumarhús.

### 4. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Tálknafjarðarhreppi greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá sorphirðuverktaka.

### 5. gr.

Á söfnunarstöðvum Tálknafjarðarhrepps skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, má þar nefna pappa, plast og fl. Þá skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á garðúrgangi og óvirkan úrgangi á sérmerktum losunarstöðum í Tálknafjarðarhreppi.

### 6. gr.

Sorphirðugjald og sorpeyðingagjald skal innheimt með álöggðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjald dagar eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps á 606. fundi sínum þann 24. janúar 2023. Gjaldskráin er sett skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2023 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi sem var samþykkt af sveitarstjórn 20.12.2022.

*Samþykkt á 606. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, 24. janúar 2023.*

**Ólafur Þór Ólafsson**, sveitarstjóri.